

**L Ö G****um breyting á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

46. gr. 2. málsg. laganna orðist svo:

Réttur samkvæmt fjárnámsgerð í fasteign og skráningarskyldu skipi er háður þinglýsingu samkvæmt þinglýsingalögum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Ólafur Jóhannesson.***L Ö G****um breytingu á lögum nr. 13 31. mars 1962, um heyrnleysingjaskóla.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, 5. grein, svo hljóðandi:

Við Heyrnleysingjaskólann skal starfa framhaldsdeild er hafi það hlutverk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum eða háskólum. Deildin skal starfa í samvinnu við skóla á viðkomandi námssviði. Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar skulu sett í reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 19. maí 1978.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*